



RANGÁRÞING YTRA

BREYTING AÐALSKIPULAGS

Lýsing



STEINSHOLT

10. maí 2013

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
2	LÝSING VERKEFNIS	4
3	UMHVERFISÁHRIF	4
3.1	Framkvæmdir háðar mati á umhverfisáhrifum	4
3.2	Umhverfispættir	5
3.2.1	Hagrænir og félagslegir þættir	5
3.2.2	Náttúrfarslegir þættir	5
3.2.3	Heilsa og öryggi	5
3.3	Helstu umhverfisviðmið	5
3.4	Áhrifapættir	6
4	BREYTING AÐALSKIPULAGS	6
4.1	Staða skipulags	6
4.2	Breytt aðalskipulag	6
5	SAMRÁÐ OG KYNNING	7

1 INNGANGUR


Sveitarfélagið vinnur að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Gert er ráð fyrir stækkun iðnaðarsvæðisins I1 í Þykkvabæ og að samhliða breytist afmörkun þéttbýlis sem því nemur. Gert er ráð fyrir að deiliskipulag verði unnið fyrir áætlað iðnaðarsvæði.

Meginmarkmið sveitarstjórnar með breytingunni er að efla atvinnulíf og þá orkuöflunar- möguleika sem eru í sveitarfélaginu.


Í greinargerð verða áhrif aðalskipulagsbreytingar skoðuð út frá 0-kosti, þ.e. núverandi stöðu í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Breytingin verður metin út frá áhrifum á þróun samfélags og hagrænum áhrifum. Þá eru metin áhrif á náttúrfarsþætti.

Lýsing þessi er unnin skv. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um lýsingu á skipulagsverkefni og áherslur sveitarstjórnar.

Verkefnið hefur verið kynnt íbúum í Þykkvabæ á íbúafundi. Lýsingin verður afgreidd af sveitarstjórn áður en hún verður kynnt íbúum með auglýsingu og á heimasíðu sveitarfélagsins. Samhliða því verður hún send Skipulagsstofnun og til annarra umsagnaraðila.



Mynd 1. Gildandi aðalskipulag fyrir Þykkvabæ. Stækkun iðnaðarsvæðis verður innan rauða hringins.



Mynd 2. Gildandi aðalskipulag fyrir Rangárþing ytra. Nýtt iðnaðarsvæði og stækkun þéttbýlis verður innan rauða hringsins.

2 LÝSING VERKEFNIS

Það færir í vöxt að vindorka sé nýtt héraðs til raforkuframleiðslu. Áhugi er á að skoða slíka orkuöflun í mun meira mæli en verið hefur og nú er unnið að tilraunaverkefni til að kanna grundvöll slíkrar orkuöflunar við Þykkvabæ, Rangárþingi ytra. Í því skini er stefnt að uppsetningu tveggja vindrafstöðva norðan byggðar í Þykkvabæ. Áætlað er að reisa vindrafstöðvar sem gert er ráð fyrir að geti framleitt allt að 1,9 MW. Hæð þeirra getur verið allt að 60 m í miðju hverfils en þvermál hverfils getur verið allt að 50 m. Staðsetning vindrafstöðvanna verður um 600 – 1500 m norðan við Kartöfluverksmiðjuna í Þykkvabæ.

Gert er ráð fyrir að veltenging að vindrafstöðvunum verði frá Kartöfluverksmiðjunni og að því nýtist sami afleggjari og að henni. Vindrafstöðvarnar verða tengdar inn á landskerfið um 11 kV jarðstreng sem liggur að Kartöfluverksmiðjunni og þar inn á landskerfið um Þykkvabæjarlínu.

3 UMHVERFISÁHRIF

Vinsun áhrifaþátta er hefðbundin aðferð til að greina þá áhrifaþætti sem mestu skipta. Við mat á áhrifum framkvæmdar hefur slík vinsun farið fram og þar er ákvarðað hvaða umhverfisþættir eru valdir til umfjöllunar.

3.1 FRAMKVÆMDIR HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í 6. gr. laga um umhverfismat nr. 106/2000 er kveðið á um þær framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum.

Viðauki 2 vísar til 6. gr. um framkvæmdir sem kunna að vera háðar umhverfismati, eru með öðrum orðum tilkynningaskyldar: „3. orkuviðnaður h. Stöðvar sem nýta vindafl til raforkuframleiðslu (vindbú) með 2 MW uppsett rafafli eða meira.“

Fyrirhuguð framkvæmd er innan þeirra marka en engu að síður verða helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar metin og gerð grein fyrir þeim áhrifum í tillögu að breyttu aðalskipulagi.

3.2 UMHVERFISÞÆTTIR

Meginmarkmið sveitarstjórnar með breyttu aðalskipulagi er að styrkja sveitarfélagið í atvinnulegu og hagrænu tilliti, auk þess að efla umhverfisvæna orkuöflun.

Helstu breytingar og áhrif þeirra verða metin.

3.2.1 Hagrænir og félagslegir þættir

Almennt er horft til hvaða áhrif viðkomandi framkvæmd hefur á efnahag og atvinnulíf svæðisins. Þá er horft til hvort framkvæmdin kunni að hafa áhrif á þróun fólksfjölda og þar með á byggð í sveitarfélaginu.

Þeir þættir sem sérstaklega er horft til eru:

- *Áhrif á efnahag / uppbyggingu á svæðinu.*
- *Áhrif á félagslega þætti, þar með talið styrkingu byggðar.*
- *Áhrif á atvinnulíf á svæðinu.*

3.2.2 Náttúrfarslegir þættir

Almennt er horft til hvaða áhrif framkvæmdin hafi á gróðurfar, dýra- og vatnalíf. Þá er horft til hvaða áhrif framkvæmdin muni hafa til langs tíma á umhverfisþætti s.s. kolefnisbúskap.

Þeir þættir sem sérstaklega er horft til eru:

- *Áhrif á landslag, þ.m.t. sjónræn áhrif.*
- *Áhrif á jarðmyndanir og gróðurfar á svæðinu.*
- *Áhrif á fuglalíf.*
- *Áhrif á hnattræna umhverfisþætti, s.s. endurnýjanlega orku og kolefnisbúskap.*

3.2.3 Heilsa og öryggi

Almennt er horft til hljóðvistar, mengunar í lofti eða vatni og annað það sem áhrif getur haft á heilsufar íbúa. Þá er horft til hvort framkvæmdin skerði möguleika til útivistar sem bæti heilsufar og hvort framkvæmdin hafi áhrif varðandi umferðaröryggi.

Byggð í Þykkvabæ er á áhrifasvæði framkvæmdarinnar og horft er til áhrifa framkvæmdarinnar á íbúa og á ferðamenn. Þeir þættir sem sérstaklega er horft til eru:

- *Hljóðvist út frá vindrafstöðvum.*
- *Áhrif á möguleika til útivistar.*

3.3 HELSTU UMHVERFISVIÐMIÐ

Helstu viðmið sem horft er til þegar metin eru áhrif á umhverfisþætti eru stefnumörkun sem fram kemur í lögum og reglugerðum sem og alþjóðasamningar. Þá er horft til stefnu ríkis og sveitarfélaga sem m.a. kemur fram í aðalskipulagi sveitarfélaganna og hinum ýmsu verndar-áætlunum.

Í töflu 1 eru teknar saman þær stefnumarkanir sem lagðar eru til grundvallar umhverfismati deiliskipulagsins. Þess ber þó að geta að listinn er ekki tæmandi. Þessar stefnumarkanir eru notaðar sem umhverfisviðmið til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulags-tillagan hefur í för með sér.

Stefna	Stefnumörkun
Lög	Skipulagslög nr. 123 / 2010, Mannvirkjalög nr. 160 / 2010, Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Minjalög nr. 80/2012,
Reglugerðir	Byggingareglugerð nr. 112/2012, Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.
Skipulagsáætlanir	Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022 .
Önnur stefnuskjöl stjórnvalda	Velferð til framtíðar – stefnumörkun til 2020.
Alþjóðlegar skuldbindingar og samningar.	Rammasamningur um loftlagsbreytingar (RÍÓ 1992).

Tafla 1. Helstu viðmið.

3.4 ÁHRIFABÆTTIR

Vinsun áhrifaþátta er aðferð til að greina þá þætti sem mestu skipta og þar með hefur verið ákvarðað hvaða umhverfisþættir (kafla 3.2) eru valdir til umfjöllunar við matið.

Gerð er grein fyrir umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af stefnu skipulagsins og þeim mótvægisáðgerðum sem fyrirhugaðar eru. Við matið verður notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram koma í töflu 2 hér að neðan. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar framkvæmt er mat á vægi áhrifa.

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt
Óviss	?	Óviss áhrif á umhverfisþátt

Tafla 2. Skilgreining á vægi áhrifa.

Metin verða áhrif þess að halda óbreyttri stefnu (0 – kostur) eða gera ráð fyrir iðnaðarsvæði þar sem m.a. er gert ráð fyrir orkuöflun með vindrafstöðvum allt að 1,9 MW.

4 BREYTING AÐALSKIPULAGS

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem gert verður ráð fyrir stækkun á iðnaðarsvæði í Þykkvabæ og samhliða því breytast þéttbýlismörk fyrir Þykkvabæ. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland í dag.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum kemur fram sbr. viðauka 2; „h. Stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu (vindbú) með 2 MW uppsett rafafli eða meira“. Fyrirhuguð framkvæmd er innan þessara marka.

4.1 STAÐA SKIPULAGS

Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem var staðfest í desember 2010, er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði og landbúnaðarsvæði þar sem fyrirhuguð orkuvinnsla mun fara fram.

Á iðnaðarsvæði I1 er gert ráð fyrir kartöfluverksmiðju, á svæði sem er um 5 ha.

4.2 BREYTT AÐALSKIPULAG

Með breytingu á aðalskipulagi er gert er ráð fyrir að afmarka iðnaðarsvæði undir hvora vindmyllu. Áfram verði gert ráð fyrir kartöfluverksmiðju á I1 en á nýjum iðnaðarsvæðum, I2

verði allt að 1,9 MW orkuöflun með vindrafstöðvum. Samhliða þessu breytist afmörkun þéttbýlis í Þykkvabæ þar sem gert er ráð fyrir að umrædd iðnaðarsvæði verði innan þess.

Unnið verður deiliskipulag af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

5 SAMRÁÐ OG KYNNING

Fyrirhuguð breyting aðalskipulags og uppsetning vindrafstöðva var kynnt á íbúafundi, þann 18. apríl 2013, sem var sérstaklega haldin vegna þessara áforma.

Lýsing aðalskipulagsbreytingarinnar verður auglýst og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins. Lýsingin verður send Skipulagsstofnun til umsagnar í samræmi við 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hún verður auk þess send Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands og Heilbrigðiseftirliti, samhliða kynningu.

Breytingartillagan verður kynnt almenningi og hagsmunaaðilum með auglýsingu áður en hún verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn, í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Áætlað er að auglýsa tillögu að breyttu aðalskipulagi í lok júní mánaðar.